

2003080005

4502; 9310

Vegagerðin
Kristján Kristjánsson, deildarstjóri
Dagverðardal
400 ÍSAFJÖRÐUR

Reykjavík, 13. febrúar 2004

Efni: Vestfjarðavegur nr. 60: Bjarkalundur - Eyri, Reykhólahreppi. Ákvörðun um matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um Vestfjarðaveg nr. 60 milli Bjarkalundar og Eyrar í Reykhólahreppi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Náttúrustofu Vestfjarða f.h. Vegagerðarinnar dags. 15. desember 2003 tillaga að matsáætlun:

Vegagerðin. Vestfjarðavegur nr. 60 Bjarkalundur - Eyri í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandasýslu. Náttúrustofa Vestfjarða, desember 2003.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Reykhólahreppi, Vesturbyggð, Breiðafjarðarnefnd, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Siglingastofnun Íslands, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóra.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Reykhólahreppi með bréfi dags. 29. desember 2003, Vesturbyggð með bréfi dags. 7. janúar 2004, Breiðafjarðarnefnd með bréfi dags. 22. janúar 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 5. janúar 2004, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 23. desember 2003, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 6. janúar 2004, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 7. janúar 2004, Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 5. janúar 2004, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 23. janúar 2004 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 29. desember 2003. Athugasemdir bárust frá Tálknafjarðarhreppi með bréfi dags. 3. febrúar 2004, Brynju Þórdísi Þorbergsdóttur og Guðrúnu Ólöfu Þorbergsdóttur með ódags. bréfi, mótteknu 5. janúar 2004, Dagmar

Sigurðardóttur f.h. Starfsmannafélags Landhelgisgæslunnar með bréfi dags. 5. janúar 2004, Guðjóni Bergssyni, Ingibergi Vilhjálmsyni, Jóni V. Péturssyni og Kristni Gestssyni með ódags. bréfi, mótteknu 6. janúar 2004, Guðrínu Magnúsdóttur með tölvupósti dags. 8. janúar 2004, Gunnlaugi Péturssyni með bréfi dags. 20. desember 2003, Jóni Guðmari Haukssyni með bréfi dags. 30. desember 2003, Kristni Bergsveinssyni með bréfi dags. 29. desember 2003, Reyni Bergsveinssyni með bréfi dags. 5. janúar 2004, Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 12. janúar 2004 og Össuri Stefánssyni með tölvupósti dags. 29. desember 2003.

Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og athugasemda með bréfum dags. 12., 19., og 27. janúar, 2. og 11. febrúar 2004.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila við umsögnum og athugasemdum í bréfum Vegagerðarinnar dags. 12., 19. og 27. janúar, 2. og 11. febrúar 2004 og með eftirfarandi athugasemdum.

1. Áhrifasvæði

Í kafla 1.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um áhrifasvæði. Þar kemur fram að ekki sé unnt að afmarka áhrifasvæði framkvæmdarinnar á þessu stigi. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að afmarka áhrifasvæði framkvæmdarinnar í matsáætlun fyrir hvern framkvæmdakost þannig að ljóst sé yfir hvaða landsvæði áhrif þeirra muni gæta og athuganir vegna mats á umhverfisáhrifum muni ná. Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila er gerð nánari grein fyrir áhrifasvæði mismunandi framkvæmdakosta.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu skuli áhrifasvæðið afmarkast af nánasta umhverfi veghelgunarsvæðisins fyrir áfanga 3, þann kost við áfanga 1 að fara fyrir Þorskafjörð sem og þann hluta leiðar D sem fylgi í meginatriðum núverandi vegi yfir Hjalla- og Ódrjúgsháls. Í þessum tilfellum fylgir fyrirhugaður vegur að mestu leyti núverandi vegi. Þar sem skeringar ná út fyrir veghelgunarsvæðið skal stækka hugsanlegt áhrifasvæði sem því nemur.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að áhrifasvæði leiðar B verði allt svæðið neðan 100 m hæðarlínu og niður í fjöru á leiðinni frá Þórisstöðum um Teigsskóg út á Hallsteinsnes.

Skipulagsstofnun telur að áhrifasvæði leiðar C út á Grónes skuli vera allt svæðið neðan 100 m hæðarlínu og niður í fjöru, enda er svæðið um margt sambærilegt við leið B um Teigsskóg út á Hallsteinsnes. Þá telur Skipulagsstofnun að áhrifasvæði vegna þverana fjarða sé allur fjörðurinn innan þverunar vegna hugsanlegra áhrifa á lífríki þeirra. Þetta á við um þann kost við áfanga 1 að þvera Þorskafjörð við Ytri-Vaðal, einnig leið B með þverun Djúpa- og Gufufjarðar, sem og leið D sem felur í sér þverun við innanverðan Gufufjörð og leið C með þverun Gufufjarðar. Jafnframt telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að áhrifasvæði vegna efnistöku skuli vera afmörkuð jarðmyndun að hluta eða í heild eða sem fyrirhugað sé að nota vegna framkvæmdanna, sbr. t.d. klettur og framhlaup en afmarkaður hluti áreyra.

2 Framkvæmdasvæði og kostir

Í kafla 1.3, 3.1 og 3.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um framkvæmdakosti og hugsanlegar

útfærslur á þessum kostum. Skipulagsstofnun telur vegna hugsanlegra mikilla áhrifa leiðar D á gróður og sjónræna þætti nauðsynlegt að í matsskýrslu verði fjallað um þá útfærslu við leið D að leggja veginn frá Miðhúsamel upp á Ódrjúgsháls ofan Háslækjar líkt og fram kemur í athugasemdum frá Guðjóni Bergssyni, Ingibergi Vilhjálmssyni, Jóni V. Péturssyni og Kristni Gestssyni, Starfsmannafélagi Landhelgisgæslunnar og Össurar Stefánssonar. Í matsskýrslu þarf því að gera grein fyrir mati á umhverfisáhrifum beggja útfærslna á leið D og bera saman ávinning og annmarka af hvorum kosti fyrir sig.

Í umsögnum Breiðafjarðanefndar og Umhverfisstofnunar hefur komið fram að fjalla hefði átt um leið A, þ.e. að fara undir utanverðan Þorskafjörð í jarðgöngum milli Reykjaness og Skálaness. Í frekari upplýsingum Vegagerðarinnar kemur fram að fallið hafi verið frá þeirri leið vegna þess hve dýr hún yrði í framkvæmd, auk þess sem nauðsynlegt væri að leggja nýja vegtengingu frá Berufjarðarbotni að gangamunna á Reykjanesi. Slík framkvæmd myndi síðar kalla á þverun Berufjarðar og Króksfjarðar með tilheyrandi umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að Vegagerðin hafi sýnt fram á að leið A komi ekki til greina og því geri stofnunin ekki kröfu til þess að fjallað verði um umhverfisáhrif leiðar A í matsskýrslu. Skipulagsstofnun bendir jafnframt á að í matsskýrslu þarf að fjalla með sambærilegum hætti um umhverfisáhrif allra þeirra framkvæmdakosta sem verða lagðir fram til athugunar og úrskurðar Skipulagsstofnunar.

3 Skipulag og leyfi

Í kafla 1.6 í tillögu að matsáætlun er fjallað um leyfi sem framkvæmdirnar kunna að vera háðar. Skipulagsstofnun bendir á að í matsskýrslu þarf að koma fram, að bannað er að fella skóg án leyfis skógræktarstjóra og er leyfi háð því að skógur sé endurnýjaður eða ræktaður upp á jafnstóru svæði annars staðar skv. 6. gr. laga um skógrækt nr. 3/1955. Ennfremur þarf að koma fram í matsskýrslu að samkvæmt 6. gr. laga nr. 58/1995 um vernd Breiðafjarðar þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar mannvirkjagerð á gildissvæði laganna þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir. Í kafla 2.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um skipulag á svæðinu. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að koma fram hvaða breytingar þurfi að gera á gildandi skipulagi fyrir alla framkvæmdakosti sem verða lagðir fram til athugunar og úrskurðar Skipulagsstofnunar.

4. Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Samfélagsleg áhrif

Í tillögu að matsáætlun er fjallað um landnotkun, veðurfar, verndarsvæði í köflum 2.3, 2.4 og 5.3.1. Í tillögunni kemur ekki skýrt fram hvernig staðið verði að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á byggð og atvinnuþróun, s.s. ferðamennsku, útivist, frístundabyggð og verndarsvæði.

Áhrif á byggð. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í matsskýrslu komi fram niðurstaða mats á umhverfisáhrifum mismunandi framkvæmdakosta á byggð og samfélag í Reykhólahreppi, áhrif á upplifun ferðamanna á svæðinu, hvernig verði háttáð vegasambandi við einstaka bæi í ábúð og frístundabyggð á svæðinu. Í þessu sambandi vísast til umsagnar Reykhólahrepps og athugasemdar Reynis Bergsveinssonar. Jafnframt telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að fram komi mat á áhrifum kosta fyrir notendur vegarkaflans sem búa utan svæðisins, með vísun í umsögn Vesturbyggðar. Bendir Skipulagsstofnun einkum á að fram þurfi að koma áhrif mismunandi framkvæmdakosta á umferðaröryggi, ferðatíma og

vetrarfærð. Varðandi veðurfar og snjóþyngsli þá kemur fram í kafla 5.3.1 í tillögu að matsáætlun að tiltæk séu gögn frá sjálfvirkum veðurathugunarstöðvum sem nýta megi til samanburðar á veðurfarsþáttum á framkvæmdasvæðinu. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að byggt verði á þeim gögnum við samanburð kosti í matsskýrslu. Jafnframt telur Skipulagsstofnun, með hliðsjón af athugasemdum Guðrúnar Magnúsdóttur, Gunnlaugs Péturssonar og Kristins Bergsveinssonar, að gera þurfi grein fyrir snjóþyngslum á svæðinu og að fjalla þurfi um áhrif snjósöfnunar og snjóþyngsla miðað við framlagða kosti.

Sjónræn áhrif. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir sjónrænum áhrifum sem fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa í för með sér og sýna í matsskýrslu þær ásýndarbreytingar sem verða frá völdum stöðum innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis með tilkomu vegarins. Um væri að ræða myndræna framsetningu þar sem valin verði tiltekin sjónarhorn þar sem ásýnd svæðishluta er sýnd fyrir og eftir framkvæmdir. Þar sem fyrirhugaðar leiðir liggja um óraskað svæði þarf að birta myndir sem sýna vegina í umhverfi svæðisins. Mannvirkin þarf að teikna á ljósmyndagrunn sem sýnir legu vegar þar sem hugsanlegt er að Þorska-, Djúpa- og Gufufjörður verði þveraðir ásamt legu vegar frá Þórisstöðum um Teigsskóg út á Hallsteinsnes. Jafnframt þarf sams konar myndir til að sýna hugsanlegt vegstæði út Djúpafjörð, á Grónesi, um Skálaneshraun og með þverun innanverðs Gufufjarðar samkvæmt leið D.

Áhrif á landnotkun. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í matsskýrslu verði gerð grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á þangskurð og aðrar sjávarnytjar einkum með hliðsjón af þverunum fjarða með vísun til athugasemda Gunnlaugs Péturssonar og Reynis Bergsveinssonar.

Áhrif á verndarsvæði. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í matsskýrslu komi fram mat á áhrifum mismunandi framkvæmdakosta fyrir þau svæði sem falla undir lög um vernd Breiðafjarðar og þær gerðir jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd ásamt svæði á náttúruinjasrá.

Áhrif á náttúrufar

Gróðurfar. Í köflum 2.5.2 og 5.3.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um gróður. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í matsskýrslu komi fram mat á hugsanlegri skerðingu á birkiskógum vegna allra framkvæmdakosta og mögulegar aðgerðir til að draga úr eða bæta fyrir skerðingu þeirra s.s. hugsanlegar endurheimtur, í þessu sbr. umsagnir Skógræktar ríkisins og Vesturbyggðar. Skipulagsstofnun tekur undir athugasemdir Náttúrufræðistofnunar Íslands þess efnis að nauðsynlegt sé að í matsskýrslu verði birtar niðurstöður mats á áhrifum framkvæmdanna á skerðingu birkiskóga í stærra samhengi. Skipulagsstofnun er kunnugt um að útbreiðsla birkiskóga er allnokkur á svæðinu frá Berufirði vestur í Hagavaðal á Barðaströnd og mun meiri en víðast annars staðar á landinu. Gefa birkiskógarnir svæðinu sérstæða ásýnd. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að við matsvinnuna sé lagt mat á áhrif framkvæmdanna á birkiskóga á sunnanverðum Vestfjörðum líkt og Vegagerðin hefur greint frá í tillögu að matsáætlun. Þá bendir Skipulagsstofnun á að í matsskýrslu er ekki nægjanlegt að birta kort af áhrifasvæðinu sem sýnir gróðurhverfi heldur verði jafnframt að koma fram þekja og/eða þéttleiki gróðurs í þessum gögnum. Á þetta er bent þar sem umfjöllun um mismunandi kosti innan leiða kann m.a. að ráðast af gróðurþekju. Skipulagsstofnun telur því að í matsskýrslu sé nauðsynlegt að birta kort fyrir áhrifasvæði allra framkvæmdakosta áfanga 2 þannig að fram komi, auk skiptingar svæða í gróðurhverfi (eða gróðurlendi), upplýsingar um gróðurþekju.

Straumvötn. Í kafla 2.5.5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um straumvötn. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að koma fram niðurstaða mats á umhverfisáhrifum brúargerðar og jarðefnanáms, á lífríki straumvatna þar sem það á við og jafnframt þurfi að gera skýra grein fyrir aðgerðum til að lágmarka áhrif á lífríki ána, líkt og fram kemur í umsögn veiðimálastjóra.

Fjörur og þveranir fjarða. Í köflum 2.5.3 og 5.3.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fjörur. Þar kemur fram að brúarlengdir í hugsanlegum þverunum fjarða muni miðast við óbreytt vatnsskipti. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir forsendum þeirra útreikninga á vatnsskiptum sem munu liggja til grundvallar mati á áhrifum af hugsanlegum þverunum fjarða. Skipulagsstofnun bendir á að mikil áhersla er lögð á það t.d. í umsögnum Breiðafjarðarnefndar, Umhverfisstofnunar og Hafrannsóknarstofnunarinnar að hugsanlegar þveranir fjarða verði með þeim hætti að vatnsskipti haldist óbreytt. Jafnframt telur Skipulagsstofnun þörf á að meta hugsanleg áhrif framkvæmdanna á sjávarhæð og straumhraða í viðkomandi fjörðum og áhrifum slíkra breytinga á lífríki fjarðanna.

5. Vöktun

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í matsvinnunni verði lagt mat á þörf fyrir vöktun á áhrifum þverunar fjarða og vegagerðar um birkiskóga og yfir straumvötn og að greint verði frá niðurstöðu þess mats í matsskýrslu. Ef nauðsynlegt reynist að vakta tiltekna umhverfisþætti vegna framkvæmdanna þarf Vegagerðin eftir því sem við á að hafa samráð við leyfisveitendur og umsagnaraðila um vöktun. Í áætluninni þarf að koma fram hvaða þætti skuli vakta, hvernig vöktun skuli háttað, hugsanlegar mótvægisáðgerðir ef vöktun sýni neikvæða þróun og þann tíma sem vöktun skuli standa yfir. Ennfremur þarf að koma fram hvaða aðili muni sinna vöktun og bera ábyrgð á henni.

6. Annað

Örnefni. Skipulagsstofnun minnir á nauðsyn þess að öll örnefni í texta verði sýnd á korti.

7. Kynning og samráð

Í kafla 7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um kynningu og samráð. Skipulagsstofnun telur að vanda þurfi vel til kynningar á vinnsluferli matsskýrslu. Stofnunin leggur áherslu á nauðsyn þess að kynna jafnóðum upplýsingar og niðurstöður fyrir hlutaðeigandi aðilum svo sem sveitarstjórnnum, leyfisveitendum og landeigendum. Til þess að sveitarfélögin á svæðinu geti markað sér stefnu og undirbúið þann hluta sem að þeim snýr er mikilvægt að þau séu á hverjum tíma upplýst um áætlanir og stöðu mála.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit:

Reykholahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Breiðafjarðarnefnd, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Siglingastofnun Íslands, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun, veiðimálastjóri, Brynja Þórdís Þorbergsdóttir og Guðrún Ólöf Þorbergsdóttir, Dagmar

Sigurðardóttir f.h. Starfsmannafélags Landhelgisgæslunnar, Guðjón Bergsson, Ingibergur Vilhjálmsson, Jón V. Pétursson og Kristinn Gestsson, Guðrún Magnúsdóttir, Gunnlaugur Pétursson, Jón Guðmar Hauksson, Kristinn Bergsveinsson, Reynir Bergsveinsson, Náttúrufræðistofnun Íslands og Össur Stefánsson.